



# Fréttabréf Naustaskóla

4. tölublað, 8. árgangur, 1. apríl 2015

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

## Möppuskil

Í annarri viku eftir páskafríð munu nemendur koma heim með matsmöppurnar. Við biðjum foreldra um að gefa sér tíma til að skoða þær með nemendum og nota tækifærið til að ræða saman um skólagönguna og námið. Jafnframt minnum við á að á mentor er að finna upplýsingar um stöðu nemenda miðað við sett námsmarkmið o.fl. og um að gera að kíkja þar inn í sameiningu í leiðinni. Við biðjum svo um að möppurnar séu sendar aftur í skólann að lokinni skoðun..



Fylgst með sólmyrkva

## Kæra skólasamfélag

Þrýðilegur marsmánuður er nú að baki en þar er væntanlega efst í huga margra afar vel heppnaður útivistardagur þar sem við vorum svo heppin að fá að njóta útiverunnar við bestu aðstæður og fylgjast með sólmyrkva í kaupbæti! Væntanlega verður þetta dagur sem margir minnast lengi.

Eftir páskahefist kennsla að nýju þriðjudaginn 7. apríl og er þá fremur tíðindalítill dagskrá framundan nema að hinir hefðbundnu frídagar vorsins fara að slíta aðeins sundur vikurnar. Við erum að byrja að huga að næsta skólaári og á baksíðu má finna slóð að skóladagatalinu 2015-2016. Nú förum við að spá í uppröðun í kennsluteymi og stefnum að niðurstöðu í því máli í byrjun maí. Auglýstri innritun nemenda er nú lokið og er útlit fyrir svipaðan fjölda í skólanum næsta vetur og búist var við eða rétt um 360 nemendur. 35 nemendur eru innritaðir í 1. bekk næsta vetur en aðrir námshópar verða líkast til svipaðir að stærð og nú, nema það fjölgar nokkkuð á unglingsstigi. Framkvæmdir við starfsmannaálmú skólans ganga vel, hún verður tekin í notkun síðsumars og verður það mikil breyting til batnaðar. Þá verður hafist handa við íþróttahúsið og á það að vera tilbúið næsta vor. Jafnframt er til umræðu að leikskóladeildirnar tvær sem við höfum haft í húsinu verði hýstar hjá okkur til frambúðar, og er þá verið að hugsa til þess að slá af áður fyrirhugaða leikskólabyggingu í hverfinu um óákveðinn tíma, enda virðist í raun ekki þörf á henni miðað við fyrirsjáanlegan barnafjölda, og það magn skólahúsnæðis sem fyrir hendi er í bænum. Hingað til hefur tilvist leikskóladeildanna í húsnæði Naustaskóla verið hugsuð sem bráðabirgðarástöf, meðan pláss væri í húsinu, en ef við erum að hugsa um þetta fyrirkomulag til frambúðar þarf að gera meiri ráðstafanir og breytingar á húsnæðinu. Þessa dagana er verið að meta hvort og þá hvernig hægt sé að koma þessu við, en væntanlega fæst niðurstaða í það mál fyrir vorið.

Það er því sem fyrr nóg um að vera og nóg um að hugsa hjá okkur, enda væri lífið ekki jafn dásamlegt ef ekki væru nóg verkefni!

Með von um að það fari svo loks að vora! Ágúst Jakobsson, skólustjóri

## Lest þú með með þínu barni?

Við minnum foreldra á að þó að stefna skólans feli í sér að heimanámi sé haldið í lágmarki, er samt gerð krafa um að foreldri sinni eftirfylgni með heimalestri nemenda, og á það jafnt við þó að barnið hafi náð bærilegum tókum á lestrinum. Rétt er að minna á að fátt ef nokkuð hefur meiri áhrif á námsáhrifa og námsframvindu nemenda en það að foreldrar séu vakandi og áhugasamir þegar kemur að því að hvetja börnin til lestrar. Af þessu tilefni langar okkur til að benda á "lesvefinn" en þar má finna gagnlegar ábendingar og hugleiðingar fyrir jafnt foreldra og kennara um heimalestur og lestrarkennslu. Slóðin á lesvefinn er

<http://lesvefurinn.hi.is>



## Tilnefningar til viðurkenninga skólanefndar

Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega, veita þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi viðurkenningar. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til.

### Skólar/Kennarahópar/Kennari

Foreldrar, nemendur, kennarar, skólar og bæjarstofnanir geta tilnefnt verkefni í skóla til viðurkenningar. Tilnefna má nýbreytniverkefni um hvaðeina í skólastarfi sem unnið hefur verið að á yfirstandandi skólaári, nemendavinnu, vinnu hópa eða einstaklinga, upplýsingamiðlun (s.s. heimasíður og fréttabréf), stefnumótun og skipulag, starf eins kennara eða samvinnu þeirra, verkefni í almennri kennslu, sérgreinum eða sérkennslu, framlag annars starfsfólks skólans, forvarnarstarf, félagsstarf eða foreldrasamstarf.

### Nemendur

Grunnskólar og Tónlistarskólinn setja sér almennar reglur um það hvaða nemendur þeir tilnefna til viðurkenninga og senda til valnefndar. Tilnefning er háð því að viðkomandi nemandi sé orðinn 10 ára eða eldri.

**Tilnefningar fyrir skólaárið 2014-2015 skulu berast rafrænt fyrir 20. apríl næstkomandi og skal þeim skilað á slóðinni:**

<http://www.akureyri.is/skoladeild/vidurkenning-skolaneftdar-2015>



## Fiðla og fótstigið

Um miðjan mars fengum við stórskemmtilega heimsókn frá þeim Láru Sóleyju Jóhannsdóttur fiðluleikara og Eyþóri Inga Jónssyni organista en þau héldu fyrir okkur tónleika sem þau kalla "Fiðla og fótstigið". Þar er vísað til þess að þau spiluðu á fiðlu annars vegar en fótstigið orgel (harmóníum) hins vegar. Flutt var tónlist eftir ýmsa meistara tónlistarsögunnar auk íslenskra þjóðlaga og fengu þá nemendur líka að taka undir með söng. Haldnir voru tónleikar fyrir yngsta- og miðstig og var ekki annað að sjá en nemendur kynnu vel að meta heimsóknina.



## Um svefn og svefnvenjur

Svefn hefur mikil áhrif á daglega líðan. Ef við fáum nægan og góðan nætursvefn erum við betur upplögð til að takast á við verkefni dagsins. Börn og unglingar þurfa oft langan svefn vegna þess að mikið vinnuálag fylgir skólagöngu og ýmiss konar tómstundum og íþróttum sem margir stunda.

### Hæfilegur svefntími barna og unglunga er:

5-8 ára börn um 10 – 12 klst á sólarhring

9-12 ára börn um 10 – 11 klst. á sólarhring

13-15 ára börn um 9 – 10 klst. á sólarhring

Styttri svefntími getur haft áhrif á heilsu og frammistöðu barna og unglunga í daglegu lífi.

Of lítill svefn dregur úr einbeitingarhæfileikum og kemur fram í þreytu og orkuleysi. Til eru ýmis góð ráð til að fara fyrr að sofa á kvöldin. Gott er að taka lífinu með ró þegar líða tekur á kvöldið og forðast mikil líkamleg átök. Sumum finnst gott að fá sér mjólkurglas eða bita af banana stuttu fyrir svefn. Ef fólk venur sig á að sofna síðdegis eða snemma að kvöldi og vakna síðan aftur getur verið erfitt að sofna. (Byggt á grein eftir Elínu Thorarensen sem birtist í tímaritinu Uppeldi sem út kom í nóvember 2006, einnig úr námsefninu Námstækni fyrir elstu bekki grunnskóla - [http://vefir.nams.is/namstaekni/namstaekni\\_pdf/lifsvenjur.pdf](http://vefir.nams.is/namstaekni/namstaekni_pdf/lifsvenjur.pdf))



## Keppt í upplestri og skólahreysti

Miðvikudagurinn 11. mars var mikill keppnisdagur en þá fóru fram bæði Skólahreysti og lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í sjöunda bekk. Naustaskóli átti að sjálfsgöðu fulltrúa í báðum þessum keppnum, í Skólahreysti kepptu þau Bjarney Sara, Crispin Tinni, Heiðar Örn og Una Kara en í upplestrinum voru þau Arnór Ísak og Íris okkar fulltrúar. Ekki náðum við verðlaunum í hús í þetta skiptið en fulltrúar okkar í báðum keppnum stóðu sig með mikilli þryði og voru skólanum okkar til sóma.



Takk fyrir það!

## Foreldrakönnun Skólalúpsins

Við höfum nú fengið niðurstöður úr foreldrakönnun Skólalúpsins sem lögð var fyrir í febrúar, og erum að greina niðurstöðurnar. Sem fyrr er ánægjulegt að sjá að við mælumst fyrir ofan landsmeðaltal þegar spurt er um ánægju foreldra með nám og kennslu í skólanum og við þökkum sem fyrr það traust og trú sem birtist í þessum niðurstöðum. Við minnum á að áhugasamir geta nálgast niðurstöður úr þessari könnun og öðrum á heimasíðu skólans:

[http://naustaskoli.is/page/matsgogn\\_skyrslur](http://naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur)

## Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum



**Pistill frá fræðslustjóra vegna umræðu um mótuneyti grunnskólanna:****„Gott er að borða gulrótina, grófa brauðið, steinseljuna...“**

Formaður SAMTAKA, félags foreldrafélaga á Akureyri hefur vakið máls á því í fjölmiðlum að sá matur sem börnunum í leik- og grunnskólum Akureyrarbæjar er boðið upp á, sé ekki ásættanlegur og ekki í samræmi við lýðheilsuáhrif Landlæknisembættisins.

Allt frá árinu 2012 hefur skóladeild, í góðu samstarfi við skólastjórnendur og matráða skólanna, farið í gagngera endurskoðun á matseðlum skólamötuneyta. Meginmarkmiðið með þessari breytingu var að tryggja að öllum skólabörnum standi til boða hollur og næringarríkur hádegisverður. Tilgangurinn með þessum breytingum var einnig að gera foreldrum kleift að fylgjast vel með þeirri næringu sem skólinn býður upp á. Þeir hafa m.a. verið samræmdir bæði í leik- og grunnskólum til að mæta óskum fjölskyldna þannig að hægt sé að hafa kvöldverð heimilisins með tilliti til þess sem börnin fengu í hádeginu.

Allar uppskriftir sem notaðar er í skólamötuneytum Akureyrarskólanna hafa farið í gegnum greiningu hjá Rannsóknarstofunni Sýni undir stjórn Guðrúnar Adolfsdóttur matvælafræðings, einmitt til að tryggja að þær fullnægi kröfum um lýðheilsuáhrif Landlæknisembættis. Til þessa fyrirkomulags hefur sérstaklega verið horft frá öðrum sveitarfélögum og við verið ánægð með okkur að framkvæma þetta með þessum hætti, þrátt fyrir aukinn kostnað.

Þá er virkt eftirlit með innkaupum á hráefni til að tryggja að allt hráefni sem notað er uppfylli gæðakröfur. Því vil ég vísa á bug að ekki sé verið að mæta kröfum um lýðheilsuáhrif Landlæknisembættis.

Uppskriftabankinn er einnig yfirfarinn með það að markmiði að auka fjölbreytni, og gefst skólamatráðum þá tækifæri til að bæta inn í hann nýjum uppskriftum. En alltaf er það háð eftirliti frá Rannsóknarstofunni Sýni hvort uppskriftirnar rata á endanum inn í uppskriftabankann. Ég er mjög þakklát skólamatráðum fyrir að vinna þetta allt saman með okkur.

Aldrei er hægt að gera svo öllum líki og reglulega koma upp herferðir um hollustu og forgang matarflokka í fæðukeðjunni sem mikilvægt er fyrir okkur mannfólkið að neyta. Menn geta alltaf deilt um hvað sé hollt og hvað ekki.

Þjónusta skólamötuneyta hefur mikið verið í umræðunni undanfarin misseri. Það er ljóst að kröfur samfélagsins um góðar, heilsusamlegar skólamáltíðir hafa orðið æ meiri og stundum heyrast að skólamáltíðin sé jafnvel eina heita máltíðin sem sum börn fá. Í kjölfar kreppunnar var lögð á það mikil áhersla að auka gæði skólamáltíða og ég fullyrði að á Akureyri var þetta tekið mjög alvarlega. Það er mikilvægt að hafa opna og gagnrýna umræðu um allt sem snýr að skólastarfinu en einmitt á þessum þætti þess fullyrði ég að við erum að standa okkur vel.

**Kostnaður við skólamáltíðir**

Hvað varðar athugasemdir SAMTAKA um kostnað við skólamáltíðir og verð til starfsfólks skólanna þá er það svo að í kjarasamningum er kveðið á um máltíðir fyrir starfsfólk í skólum. Í gr. 3.4.1 í kjarasamningi er þess sérstaklega getið að máltíðir á vinnustað skuli vera á hráefnisverði. Eftir því ber okkur að fara. Rekstur skólamötuneytanna var mjög góður síðasta ári og er það fyrst og fremst að þakka meiri fagmennsku á öllum þáttum rekstursins, bæði í innkaupum, hagkvæmni og góðri nýtingu. Matráðarnir eiga þar auðvitað stærstan heiðurinn.

Rétt er að taka fram að í leikskólanum er miðað við að fæðisgjaldið standi undir hráefniskostnaði. Verð á skólamáltíð í annarskrift á Akureyri er ekki hærra en gengur og gerist í flestum stærri sveitarfélögum á Íslandi. Í hverju sveitarfélagi er það hins vegar pólitísk ákvörðun að taka hluta af rekstri skólamötuneytanna inn í kostnað skólamáltíða. Leitt þykir mér að hinn kraftmikli formaður SAMTAKA skuli ekki hafa vakið máls á þessu við okkur á skóladeild áður, til að þurfa ekki að svara honum á síðum blaðanna. Okkar samstarf hefur verið mjög gott fram til þessa og ég á ekki von á öðru en svo verði áfram.

Soffía Vagnsdóttir, fræðslustjóri Akureyrarbæjar

**HEILRÆÐI UM SAMSKIPTI:**

1. Góð samskipti eru jafn mikilvæg á netinu og utan þess
2. Tölum alltaf á uppbyggilegan hátt um kennara, annað starfsfólk skólans, börn og foreldra þeirra
3. Verum góðar fyrirmyndir í orði og verki
4. Snúum okkur beint til kennara eða skólastjórnanda og fáum úrlausn mála ef við þurfum upplýsingar eða erum ósátt við eitthvað sem gerst hefur í skólanum
5. Goetum þess að allir foreldrar og börn séu hluti af hópnum
6. Munum að það sem fer á netið er erfitt eða jafnvel ógjörningur að uppræta



**Barnaheill**  
Save the Children á Íslandi

VINNUM SAMAN AÐ VELFERÐ BARNNA



## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# Apríl 2015

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
5.	6. Annar í páskum Lokað!	7. Fiskibollur, hrísgrjón, gúrka og kryddjurta- sósa. Ávextir. Smíðjuskil hjá 4.-7.b Opið hús 8-10b 19:30-21:30	8. Slátur, kartöflur, rófur og jafningur. Ávextir.	9. Grænmetislasagna, kartöflustappa og salat- bar. Ávextir.	10. Hrísgrjónagrautur og slátur. Ávextir.	11.
12.	13. Kjötþúðingur, kartöflur, brún sósa og salat. Ávextir. Möppuskil í þessari viku	14. Öfnbökuð bleikja, hrísgrjón, salatbar og sveppastasósa. Ávextir. Opið hús 8-10b 19:30-21:30	15. Kjöt og karrý. Ávextir.	16. Fiskipottréttur, kartöflur og paprika. Ávextir.	17. Kartöflusúpa, brauð og salatbar. Ávextir.	18.
19.	20. Fiskþúðingur, kartöflur, rifnar rófur og heit tómatsósa. Ávextir.	21. Gúlassúpa og salatbar. Ávextir. Opið hús 8-10b 19:30-21:30	22. Grænmetisbuff, steiktur kartöflur, salat og sól- skinsdressing. Ávextir.	23. Sumardagurinn fyrsti FRÍ	24. Starfsdagur Frístund lokað e.h.	25.
26.	27. Plökkfiskur og rúgbrauð. Ávextir.	28. Lasagna, hvítlauks- snittubrauð og gúrka. Ávextir. Opið hús 8-10b 19:30-21:30	29. Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, salatbar og mangódressing. Ávextir.	30. Pizza og paprika. Ávextir. Blár dagur Ball hjá 8.-10. bekk	1. maí Verkalýðsdagurinn FRÍ	26.

### Miðstigsopnanir félagsmiðstöðvar

Við minnum á að búið er að breyta fyrirkomulagi á miðstigsopnunum félagsmiðstöðvarinnar Tróju. Í stað þess að um sé að ræða eina opnun í mánuði í hverjum skóla, mun framvegis vera opnun í Tróju í Rósenborg, alla fimmtudaga kl. 14:30-16:00 fyrir nemendur í 5.-7. bekk. Nemendur í 7. bekk eru ennfremur minntir á að opið er fyrir þá alla miðvikudaga kl. 14:30-16:00 í Tróju - Rósenborg.

### Skóladagatal næsta vetrar

Nú er hægt að nálgast skóladagatal næsta skólaárs á heimasíðu skólans eða beint á slóðinni:

[http://www.naustaskoli.is/static/files/2015\\_2016/skoladagatal\\_2015\\_2016.pdf](http://www.naustaskoli.is/static/files/2015_2016/skoladagatal_2015_2016.pdf)

Við bendum sérstaklega á að á næsta skólaári verða nokkur lengri frí sem gott er að miða á t.d. ef skipuleggja á utanlandsferðir fyrir fjölskylduna, þ.e. vetrarfrí í október og febrúar en einnig verður langt helgarfrí í kringum sumardaginn fyrsta í apríl...

